



## 7. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

**Mánudagur 18. ágúst 2025 kl. 17:00 – Íþróttamiðstöðin í Laugardal**

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Herbert Arnarson (HA) varaformaður, Einar Hannesson (EH) gjaldkeri, Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Ágúst Angantýsson (ÁÁ) og Hugi Halldórsson (HH)

Forföll boðuðu; Guðrún Kristmundsdóttir (GK) annar varaformaður, Jón Bender (JB) og Margrét Kara Sturludóttir (MKS)

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt og búið að birta á kki.is

### 2. Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum

HSJ fór yfir nokkur mál til upplýsinga.

Farið yfir ýmislegt tengt EuroBasket karla sem hefst 28.ágúst.

### 3. Reglugerðarbreytingar

Vinna við reglugerð um málefni erlendra leikmanna verið kláruð, send út til félaganna 11.ágúst sl. og birt á kki.is sama dag. Vinna reglugerð um aga-og úrskurðarnefnd er enn til vinnslu og mjög líklega ekki kláruð fyrr en um miðjan september.

### 4. Leyfiskerfi efstu deildar karla og kvenna

Nýtt leyfiskerfi fyrir efstu deild karla og kvenna klárað, hefur verið í vinnslu í tvö ár og mikill vilji félaganna að fá leyfiskerfi í gegn. Leyfiskerfið á að nýtast félögunum til að bæta starf sitt og einnig hafa skýrt þar hvernig félög fá greiðslur frá KKÍ fyrir tekjur sem koma inn vegna efstu deildar. Leyfiskerfið samþykkt af stjórn og sent til félaganna sem einnig geta komið athugasemdum á framæri og fá til þess eina viku.

### 5. Ný gjaldskrá dómara

Farið yfir nýja gjaldskrá dómara eftir vinnu HSJ með formanni KKDÍ. Gjaldskrá samþykkt af stjórn.

### 6. Fjármál 6 mánaða uppgjör

EH og HSJ fóru yfir 6 mánaða uppgjör.

**7. Skipan nefnda afreksnefnd og aga-og úrskurðarnefd**

Búið að manna afreksnefnd og HSJ falið að klára skipun aga-og úrskurðarnefnd sem hefur verið erfitt að manna.

**8. Kynningar og upplýsingar frá nefndum**

Farið yfir starf nefnda

**9. Næsti stjórnarfundur**

Verður mánudaginn 15. september

Fundi slitið kl.18.50